

AUGLÝSING

um samning við Vestur-Evrópusambandið um öryggismál.

Samningur milli Íslands og Vestur-Evrópusambandsins um öryggismál, sem gerður var í Brussel 16. janúar 1996, öðlast gildi 15. febrúar 1996.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 18. janúar 1996.

Haldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

**ÖRYGGISSAMNINGUR
milli Vestur-Evrópusambandsins
og Íslands.**

Vestur-Evrópusambandið (VES) og Ísland, hér á eftir nefnd „aðilar“,

- hafa í huga Petersbergysfirlýsingu ráðherra-ráðs VES frá 19. júní 1992 um samband VES við önnur evrópsk aðildarríki Evrópu-sambandsins eða Atlantshafsbandalagsins,
- hafa í huga Kirchbergysfirlýsingu ráðherra-ráðs VES frá 9. maí 1994,
- hafa í huga ákvarðanir ráðherraráðs VES í Noordwijk frá 14. nóvember 1994,
- hafa í huga að virk samvinna kallar á skipti á leynilegum upplýsingum og efni milli aðila,
- hafa orðið ásaðtt um að hafa samráð, innan þess ramma samskipta og samvinnu sem mælt er fyrir um í Petersbergysfirlýsingu, um hjálparstarf, friðargæslu og aðgerðir til að bregðast við hættuástandi,

og hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Aðilar skulu:

- 1) vernda og gæta upplýsinga og efnis sem annar hvor aðilinn lætur í té eða kunna að verða veitt eða lögð fram samkvæmt samningi þessum,
- 2) viðhalda öryggisflokkun hins aðilans á upplýsingum og efni sem koma frá þeim aðila og gæta slíkra upplýsinga og efnis samkvæmt henni,
- 3) ekki nota slíkar upplýsingar og efni í öðrum tilgangi en þeim sem sá sem þau koma frá gerir ráð fyrir og í þeim tilgangi sem upplýsingaskiptin eru ætluð,
- 4) ekki sýna þriðju aðilum slíkar upplýsingar og efni án samþykkis þess yfirvalds sem þau koma frá.

2. gr.

Samkvæmt 1. gr. samnings þessa skal Ísland tilnefna innlend yfirvöld og stofnun á sviði öryggismála og gera áætlanir sem eru byggðar á

**SECURITY AGREEMENT
between Western European Union
and Iceland**

Western European Union (WEU) and Iceland, hereinafter referred to as “The Parties”,

- considering the Petersberg Declaration by the WEU Council of Ministers on 19 June 1992 on the relations between WEU and the other European Member States of the European Union or the Atlantic Alliance,
- considering the Kirchberg Declaration by the WEU Council of Ministers on 9 May 1994,
- considering the decisions taken by the WEU Council of Ministers at Noordwijk on 14 November 1994,
- considering that effective cooperation entails the exchange of classified information and material between the Parties,
- having agreed to consultation within the framework of relations and cooperation set out in the Petersberg Declaration, for humanitarian-type missions, peacekeeping and crisis management operations,

Have agreed as follows:

Article 1

The Parties shall:

- 1) protect and safeguard the information and material provided by either Party or that may be provided or produced under this Agreement,
- 2) maintain the security classification established by the other Party with respect to information and material originating from that Party and safeguard such information and material accordingly,
- 3) not use such information and material for purposes other than those established by the originator and those for which the information is exchanged,
- 4) not disclose such information and material to third parties without the consent of the originating authority.

Article 2

Pursuant to Article 1 of this Agreement, Iceland shall designate a national security authority and a security organization and establish pro-

viðurkenndum grundvallarreglum og lágmarks-öryggisstöðlum sem beitt skal í öryggiskerfum aðila til að tryggja að farið sé eftir sameiginlegri viðmiðun um vernd. Enn fremur er Ísland reiðubúið til að beita öryggisreglum VES í því augnamiði að vernda leynilegar upplýsingar VES.

3. gr.

- 1) Aðilar skulu sjá til þess að allir einstaklingar á þeirra vegum, sem við skyldustörf sín þurfa eða kunna að hafa aðgang að leynilegum upplýsingum eða efni sem skipst er á samkvæmt samningi þessum, hafi hlotið öryggisviðurkenningu áður en þeim er veittur aðgangur að slíkum upplýsingum og efni.
- 2) Aðferðir við veitingu öryggisviðurkenningar skulu miða að því að unnt sé að skera úr um hvort einstaklingur geti, miðað við hollustu hans og áreiðanleika, haft aðgang að leynilegum upplýsingum án þess að það stofni öryggi í hættu.

4. gr.

Aðilar skulu veita hvor öðrum aðstoð í öryggismálum þar sem þeir eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta.

5. gr.

- 1) VES-ráðið og íslensk yfirvöld á sviði öryggismála skulu sjá til þess að VES og Ísland beiti viðeigandi ákvæðum þessa samnings.
- 2) Aðalframkvæmdastjóri VES, undir stjórn og fyrir hönd VES-ráðsins, ber ábyrgð á öryggisráðstöfunum fyrir hönd VES til að vernda leynilegar upplýsingar og efni sem skipst er á samkvæmt samningi þessum.
- 3) Íslensk yfirvöld á sviði öryggismála bera fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands ábyrgð á öryggisráðstöfunum til að vernda leynilegar upplýsingar og efni sem skipst er á samkvæmt samningi þessum.
- 4) VES og Ísland munu koma á gagnkvæmu fyrirkomulagi til að skilgreina vörslustaðla fyrir gagnkvæmt öryggi upplýsinga sem skipst verður á svo og samstarf VES og Íslands.
- 5) Öryggisstofnun VES hefur heimild til þess að meta áhrif þeirra ráðstafana sem gerðar eru til að vernda leynilegar upplýsingar sem VES lætur í té.

grammes, founded on agreed basic principles and minimum standards of security which shall be implemented in the security systems of the Parties to ensure that a common standard of protection is applied. Moreover, Iceland is prepared to apply the WEU Security Regulations for the protection of WEU classified information.

Article 3

- 1) The Parties shall ensure that all persons under their authority who, in the conduct of their official duties, require or may have access to classified information or material exchanged under this Agreement are appropriately security-cleared before they are granted access to such information and material.
- 2) The security clearance procedures shall be designed to determine whether an individual can, taking into account his or her loyalty and trustworthiness, have access to classified information without this constituting a security risk.

Article 4

The Parties shall provide mutual assistance with regard to security matters of common interest.

Article 5

- 1) The WEU Council and the National Security Authority of Iceland shall ensure that the relevant provisions of this Agreement are applied by WEU and by Iceland.
- 2) Under the direction and on behalf of the WEU Council the Secretary-General is responsible on behalf of WEU for security arrangements for the protection of classified information and material exchanged under this Agreement.
- 3) On behalf of the Government of Iceland, the National Security Authority of Iceland is responsible for security arrangements for the protection of classified information and material exchanged under this Agreement.
- 4) Reciprocal arrangements will be worked out between WEU and Iceland to define the standards of protection of the reciprocal security for the information to be exchanged and the liaison between WEU and Iceland.
- 5) The WEU Security Bureau is authorized to carry out an assessment of the effectiveness of the measures for the protection of the WEU classified information released.

6. gr.

Samningur þessi skal á engan hátt koma í veg fyrir að aðilar geri tvíhliða samninga við önnur ríki eða stofnanir í sama tilgangi. Samningur þessi hefur ekki áhrif á gildandi tvíhliða samninga.

7. gr.

- 1) Aðilar geta samþykkt að vera bundnir af samningi þessum með undirskrift yfirvalds sem hefur til þess fullt umboð VES-ráðsins og ríkisstjórnar Íslands.
- 2) Samningur þessi skal öðlast gildi þrjátíu dögum eftir að hann er undirritaður.

8. gr.

Hvor aðili getur sagt samningi þessum upp með því að senda hinum aðilanum skriflega tilkynningu þar að lútandi. Tilkynningin öðlast gildi sex mánuðum eftir að hinn aðilinn tekur við henni, en hefur ekki áhrif á skuldbindingar sem aðilar hafa þegar samið um samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem hafa til þess fullt umboð VES-ráðsins annars vegar og ríkisstjórnar Íslands hins vegar, ritað undir samning þennan.

Gjört í Brussel 16. janúar 1996 í tveimur eintökum á ensku og frönsku og skulu báðir textarnir vera jafngildir. Eintökin skulu vera í vörslu beggja aðila.

Fyrir hönd VES-ráðsins

J. Cutileiro

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands

Þorsteinn Ingólfsson

Article 6

This Agreement shall in no way prevent the Parties from entering into bilateral agreements with other states or organizations for the same purpose. Existing bilateral agreements shall remain unaffected.

Article 7

- 1) The Parties may express their consent to being bound by this Agreement by signature by an authority duly mandated by the WEU Council and by the Government of Iceland.
- 2) This Agreement shall enter into force thirty days after the date of signature.

Article 8

This Agreement may be denounced by any Party on giving the other party written notice thereof. The notice shall take effect six months after its receipt by the other Party, but shall not affect obligations already contracted under the provisions of this Agreement.

In witness whereof, the undersigned, duly authorized thereto by the WEU Council and by the Government of Iceland respectively, have signed this Agreement.

Done at Brussels, this sixteenth day of January 1996, in two copies in the English and French languages, each text being equally authoritative, which shall be deposited with the two Parties.

For the WEU Council

J Cutileiro

For the Government of Iceland

Þorsteinn Ingólfsson